

Tillaga frá bærarstjóra og starfshópi vegna heimsíðu Árborgar um að gengið verði til samninga við Hugsmiðjuna um gerð nýs Árborgarvefs.

Niðurstaða fyrrnefnds starfshóps var sú að Hugsmiðjan væri best til þess fallin að vinna verkefnið m.a. í ljósi þess að þar er mikið lagt uppúr því að vinna verkefnið í samstarfi við sveitarfélagið og hve fjölbreyttur hópur starfsmanna Hugsmiðjunnar mun koma að verkinu. Í byrjun febrúar var sett saman teymi sem falið var að vinna þarfagreiningu vegna nýs Árborgarvefs og var teymið skipað af Ástgeiri Rúnari Sigmarssyni, aðstoðar byggingarfulltrúa, Ólafi Rafnari Ólafssyni atvinnu- og viðburðarfulltrúa og Ólöfu Jónu Tryggvadóttur mannauðsstjóra. Teymið átti alls fjóra vinnufundi í febrúar 2019 og skilaði af sér þarfagreiningarskýrslu í byrjun mars 2019. Í ljósi þeirrar skýrslu, niðurstöðu starfshópsins og reynslu Hugsmiðjunnar í að setja upp vefi fyrir opinbera aðila leggur bærarstjóri til að gengið verði til samninga við Hugsmiðjuna.